

**Sp.**

**589. Fyrirspurnir.**

[287. mál]

I. Til menntamálaráðherra um fiskiðnskóla í Siglufirði.

Frá Eyjólfí K. Jónssyni og Pálma Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi að stofnun fiskiðnskóla í Siglufirði í samræmi við þingsályktun frá síðasta Alþingi?

II. Til menntamálaráðherra varðandi dreifingu sjónvarps.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þessu ári til að koma sjónvarpi til byggða, sem enn hafa engin eða ófullnægjandi móttökuskilyrði fyrir sendingar sjónvarpsins?
2. Eru fyrirhugaðar nýjar fjármögnunarleiðir til að flýta dreifingu sjónvarps og til að endurbæta dreifingarkerfi sjónvarpsins?
3. Hefur verið gerð áætlun um það, hvenær hægt verði að ljúka dreifingu sjónvarps til þeirra aðila, sem geta vænst þess að geta notið sjónvarpssendinga á næstu árum?